



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 7. mars 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 87. fundar þriðjudaginn 7. mars 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 22. febrúar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 1. mars.
3. Drög að gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Blönduóssbæ – síðari umræða.
4. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar – síðari umræða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 153. fundar bæjarráðs í 5 liðum frá 22. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Bæjarstjórn gerði svofellda ályktun.
“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar ítrekar umsögn SSSNV dags. 28. október 2005 um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 – 2009. Jafnframt er vísað til bréfs SSSNV til iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna yfirlýsingar ráðherra frá 29. nóvember sl. um Byggðastofnun og sérstakar eflingar atvinnuþróunar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.”
Ályktunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 154. fundar bæjarráðs í 7 liðum frá 1. mars kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðu lokinni bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkv., með því fororði þó að Þórdís Hjálmarsdóttir situr hjá við afgreiðslu 7 liðar b.
3. Drög að gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Blönduóssbæ – síðari umræða. Drögin borin undir atkv. þau voru samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar – síðari umræða. Samþykktirnar bornar undir atkvæði, þær voru samþykktar með 6 atkv. 1 sat hjá.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna Jónasdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Sigurður Jóhannesson
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Ragnar Ingi Tómasson